

Ed. 86. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

1. málsgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir:

- a. Fyrir einstakling kr. 1200.00.
- b. Fyrir hjón kr. 2400.00.
- c. Fyrir hvert barn kr. 1000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1950.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur það valdið mikilli óánægju og umræðum, að tekjur konu, sem vinnur utan heimilis, eru skattlagðar sameiginlega með tekjum manns hennar þannig að tekjurnar samanlagðar lenda í miklu hærri skattstiga en ef skattlagt væri í tvennu lagi. Hefur því verið unnið að því af ýmsum aðilum, sérstaklega samtökum kvenna, að fá komið í gegn þeirri breytingu á skattalögum, að slíkar tekjur kvenna vegna starfa utan heimilis væru skattlagðar sérstaklega.

Nú hafa frv. í þessa átt verið felld hér á Alþ. og þessi lausn málsins mætt ýmiss konar andstöðu. Er því sérstaklega haldið fram af hálfu skattyfirvaldanna, að ef til þessa ráðs yrði gripið, yrði jafnframt að setja ýmis ákvæði og gera vissar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja misnotkun í sambandi við slíka samsköttun hjóna. Þyrfti þetta því meiri undirbúnings við en kostur væri á að svo stöddu og væri heppilegast að geyma ákvörðun varðandi þessa leið, þar til gengið yrði frá því heildarlagafrumvarpi um skattamálin, sem væntanlega verður innan tíðar lagt fyrir Alþingi.

Enda þótt þeir aðilar, sem hafa beitt sér fyrir málinu, haldi fast við þá lausn þess að afnema samsköttun hjóna, þykir vonlítið á þessu þingi að fá því framgengt. Hins vegar veldur núverandi skattlagningaraðferð svo miklu ranglæti eða auknum álögum hjá þeim heimilum, sem hún snertir, að ekki verður hjá því komið að finna einhverja bráðabirgðalausn til úrbótar.

Með 1. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þar, sem kona vinnur utan heimilis, verði frádráttur vegna heimilisstjórnar hækkaður frá því, sem nú er, og getur það ákvæði gert samsköttunina nokkru léttbærari en hún nú er.

Í 2. gr. er um almennt réttlætismál að ræða, þar sem gert er ráð fyrir nokkuð hækkuðum persónufrádrætti frá því, sem nú er.